

**Innviðaráðherra
og
sveitarstjórn Strandabyggðar**

gera með sér svohljóðandi samkomulag um fjárhagslegar aðgerðir og eftirlit
á grundvelli 2. mgr. 83. gr. laga nr. 138/2011

1. gr.

Aðdragandi

Með vísan til erindis sveitarstjórnar Strandabyggðar dags. 24. nóvember 2021 og umsagnar eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga dags. 17. desember 2021, gera innviðaráðherra og Strandabyggð með sér eftirfarandi samkomulag á grundvelli 2. mgr. 83. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. Samkomulagið er framhald á fyrra samkomulagi aðila frá 30. mars 2021 sem Strandabyggð hefur unnið eftir á árinu 2021.

2. gr.

Markmið

Markmið samkomulagsins eru að :

- a. Stuðla að áframhaldandi markvissri vinnu við fjárhagslega endurskipulagningu og hagræðingu í rekstri Strandabyggðar í samræmi við fjárhagsáætlun 2022-2025.
- b. Stuðla að því að fjárhagslegum viðmiðum sveitarstjórnarlaga á árunum 2022-2024, verði náð í samræmi við 1. mgr. 64. gr. sveitarstjórnarlaga.
- c. Stuðla að því að sveitarfélagið hafi fjárhagslega getu til að sinna eðlilegu viðhaldi eigna og nauðsynlegum fjárfestingum.

3. gr.

Skyldur Strandabyggðar

Sveitarstjórn Strandabyggðar skuldbindur sig til að ráðast í framkvæmd nauðsynlegra aðgerða til að ná markmiðum samkomulagsins og til að fylgja ákvæðum sveitarstjórnarlaga um fjármál í hvítetna. Skýrsla Ráðrík ráðgjafa dags. 31. desember 2021 skal höfð til hliðsjónar vegna ákvarðana um aðgerðir í rekstri.

Til að ná markmiðum samkomulagsins skal sveitarstjórn Strandabyggðar fylgja samþykktri fjárhagsáætlun fyrir árin 2022 og 2023.

Sveitarstjórn Strandabyggðar skal gera 6 mánaða uppgjör og útkomuspá í tengslum við áætlanagerð hvort um sig fyrir árin 2022 og 2023, ásamt greiningu á frávikum frá áætlun og viðbrögðum við þeim ef þörf er á. Sveitarstjórn skal upplýsa eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga um framgang samkomulagsins og eftirfylgni af hálfu sveitarstjórnar.

Komi til þess að gera þurfi viðauka við fjárhagsáætlun, sbr. 2. mgr. 63. gr. sveitarstjórnarlaga, skal tilkynna það til eftirlitsnefndar áður en viðaukinn er lagður fyrir sveitarstjórn. Strandabyggð skal veita greiðlega allar upplýsingar sem beðið verður um varðandi fjármál sveitarfélagsins og framkvæmd þessa samkomulags af hálfu eftirlitsnefndar.

4. gr.

Hlutverk eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga

Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga hefur eftirlit með framkvæmd Strandabyggðar á samkomulagi þessu, sbr. lokamálslið 3. mgr. 83. gr. sveitarstjórnarlaga.

Eftirlitsnefnd undirbýr og boðar til að minnsta kosti tveggja formlegra samráðsfunda með sveitarstjórn á samningstímanum þar sem framvinda samkomulagsins er rædd.

Eftirlitsnefnd skilar ráðherra skýrslu um framkvæmd samkomulagsins á fyrsta ársfjórðungi 2023 eða fyrr sé talin ástæða til.

5. gr.

Aðgerðir innviðaráðherra

Samhliða samkomulagi þessu og með vísan til umsagnar eftirlitsnefndar um fjármál sveitarfélaga, dags. 17. desember 2021, verður ráðherra við beiðni sveitarstjórnar Strandabyggðar og heimilar að lagt verði álag á útsvar Strandabyggðar á árinu 2022, sbr. heimild í 2. tölul. 1. mgr. og 2. mgr. 84. gr. sveitarstjórnarlaga. Útsvar Strandabyggðar á árinu 2022 verður því 14,95%.

Jafnframt mun innviðaráðherra beita sér fyrir því að samhliða samkomulagi þessu verði úthlutað 65 m.kr. framlagi úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga, sem skiptist þannig að 47 m.kr. koma til greiðslu á árinu 2022 og 18 m.kr. til greiðslu á árinu 2023. Framlagið verði nýtt til verkefnastjórnunar, kostnaðar við ráðgjafa, að bæta lausafjárstöðu sveitarfélagsins og að greiða fyrir nauðsynlegar framkvæmdir á gildistíma samkomulagsins.

6. gr.

Stjórn og ábyrgð


Stjórn og ábyrgð fjármála Strandabyggðar er í höndum sveitarstjórnar og er öll framkvæmd og ákvarðanir, sem teknar verða á grundvelli samkomulags þessa, á ábyrgð hennar. Sveitarstjórn Strandabyggðar skal tafarlaust tilkynna ráðherra og eftirlitsnefnd um fjármál sveitarfélaga um breytingar sem kunna að hafa áhrif á fyrirætlanir hennar samkvæmt samkomulaginu.

7. gr.


Gildistími

Gildistími þessa samkomulags er til 31. desember 2023. Aðilar eru sammála um að tveimur mánuðum fyrir lok gildistímans fari fram viðræður um framgang þess og árangur.

Reykjavík, 11. mars 2022



Innviðaráðherra



F.h. Strandabyggðar